

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er um þessar mundir þátttakandi í Comeniusar verkefningu TEEN TV sem er verkefni sem styrkt er af Menntaáætlun Evrópusambandsins.

Í TEEN TV verkefningu eru kennarar og nemendur frá níu löndum: Ítalíu, Belgíu, Frakklandi, Þýskalandi, Írlandi, Spáni, Grikklandi, Póllandi og Íslandi. Við hittumst fyrst haustið 2010 á Ítalíu og í síðustu viku hittumst við í Grundarfirði.

Erlendu gestirnir voru 34; 16 kennarar og 18 nemendur. Íslensku nemendurnir eru 13 og kennarar 2. Hópurinn frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga sótti gestina laugardaginn 12. mars en sumir þeirra höfðu komið til landsins nokkrum dögum áður, en þá síðustu sóttum við beint á Keflavíkurflugvöll. Við fórum í Bláa lónið, borðuðum saman og komum gestunum í áfangastað seint á laugardagskvöld, en kennarar gistu á hóteli í Grundarfirði og nemendur heima hjá íslenskum gestgjöfum sínum í Snæfellsbæ, Grundarfirði og Stykkishólmi.

Á sunnudag fórum við í kringum Snæfellsnes, komum við í Pakkhúsinu í Ólafsvík þar sem Barbara Fleckinger tók á móti nokkur, síðan borðuðum við kjötsúpu á Arnarstapa og keyrðum þaðan inn í Stykkishólm og heimsóttum Vatnasafnið og Eldfjallasafnið þar sem Sigurður Bjarnason tók á móti okkur og fræddi um söfnin.

Mánudagurinn var ætlaður til vinnu og samráðs hjá nemendum og kennurum en veðrið lék okkur grátt og skólaakstur féll niður. Nemendur höfðu því góðan tíma til að kynnst, hver í sínum bæ og gerðu þau ýmislegt sér til gamans. Það viðraði betur á þriðjudeginum þannig að dagskráin gat haldið áfram og hófst hún á örnáskeiði í íslensku sem Erna Guðmundsdóttir útbjó fyrir okkur, en erlendu gestirnir höfðu beðið sérstaklega að fá að læra örfá orð í þessu undarlega tungumáli. Síðan horfðu nemendur saman á hluta þeirra myndbanda sem unnin höfðu verið fyrir heimsóknina. Myndböndin sem þau horfðu á sýna hversdaglegt líf unglínganna og jólin í hverju landi fyrir sig. Að því loknu stóðu þýsku unglíngarnir fyrir vinnustofu í kvikmyndatöku og klippingu og vann hópurinn í sameiningu að stuttu myndbandi sem verður lokið við í næstu heimsókn hópanna.

Á þriðjudagskvöld var fjölskyldukvöldverður í skólanum þar sem fjölskyldur íslensku nemendanna, kennarar og nemendur snæddu saman, kynntust og horfðu á myndböndin sem höfðu verið unnin í hverju landi fyrir sig. Að kvöldverði loknum var komið að kveðjustund því gestirnir okkar kvöddu okkur eldsnemma á miðvikudagsmorgni.

Það er óhætt að segja að Snæfellsnes hafi sýnt allar sínar veðurhliðar því á þessum tæpu fjórum sólarhringum upplifðu gestirnir yndislega vetrarblíðu eins og hún gerist best, hríðarbyl, hávaðarok og grenjandi rigningu. Einn grísku kennaranna hafði á orði að hún yrði að festa ferðalagið á myndband og að við yrðum að tala á meðan því annars myndi enginn trúa þeim þegar heim kæmi og þau færu að segja frá.

Verkefni eins og þetta gefur ekki bara nemendum ótrúlega mikilvægt tækifæri til að kynnst nýjum menningarheimum og ungu fólki alls staðar í Evrópu heldur skilar það líka miklu til samfélagsins okkar. Gestirnir okkar munu aldrei gleyma þessari heimsókn og munu segja frá þessu gullmola sem við búum á, Snæfellsnesi, um ókomna tíð og án efa á það eftir að skila okkur erlendum gestum þegar fram í sækir. Fjölskyldur íslensku nemanna eiga hrós skilið fyrir frábærar og hlýar móttökur og viljum við þakka þeim fyrir það.

Nú er hafinn undirbúningur að heimsókn okkar til Kanaríeyja þar sem næsti fundur verður haldinn í byrjun maí í Las Palmas. Hluti af íslensku nemendum munu fara á þann fund en

aðrir munu heimsækja samstarfsskóla okkar í Belgíu og á Írlandi og munum við leyfa ykkur að heyra frá þeim fundum.

Kærar þakkir Snæfellingar fyrir aðstoðina, styrkina og gjafirnar.

Sólrún, Hrafnhildur, Anna Júnía, Anna Lind, Elín Sóley, Hildur Björg, Hrefna Rós, Jóhanna, Katrín Sara, Lilja Hrund, Marta, Rebekka, Sigurbjörg Metta, Soffía Rós og Sædís Ragna

